

Forsendunefnd ASÍ og SA

Framlenging samninga

Í kjarasamningum aðildarféлага ASÍ og Samtaka atvinnulífsins dags. 17. febrúar 2008 eru ákvæði um sérstaka framlengingu samninganna fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. nóvember 2010. Sérstök forsendunefnd, skipuð fulltrúum ASÍ og SA, hefur m.a. það hlutverk skv. samningunum að stuðla að því að markmið samninganna um lága verðbólgu og ná fram að ganga. Í flestum öðrum kjarasamningum á almennum markaði er tilvísun til niðurstaðna nefndarinnar.


Samkvæmt ákvæðum samninganna skulu þeir framlengjast óbreyttir hafi forsendur staðist. Forsendurnar eru þær að kaupmáttur launa á almennum markaði hafi haldist eða aukist á tímabilinu janúar 2008 – desember 2008 og að verðbólga hafi hjaðnað með þeim hætti að verðbólgan innan ársins 2008 væri innan við 5,5% og að árshraði verðbólgunnar á sex mánaða tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 væri innan við 3,8%. Fyrir liggur að því fer fjarri að forsendur hafi staðist þar sem verðbólga innan ársins 2008 var 18,1%, verðbólguhraði tímabilsins ágúst 2008 – janúar 2009 var 16,6% á ársgrundvelli og kaupmáttur skv. launavísitölu féll um 10% frá janúar til desember 2008.


Samningarnir kveða á um að ef samningsforsendur hafi ekki staðist skuli samninganefndir ASÍ og SA leita samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samninganna, festa forsendur þeirra í sessi og tryggja að þeir haldi gildi sínu. Ef ekki næst samkomulag fyrir lok febrúar skal sá aðili sem óskar ekki eftir framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009, ella framlengist samningurinn til 30. nóvember 2010.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu að samningsforsendur hafa ekki staðist er störfum nefndarinnar lokið og er frekari umfjöllun um viðbrögð vísað til samninganefnda ASÍ og SA.

Reykjavík, 25. febrúar 2009


Vilhjálmur Egilsson [sign]


Gylfi Arnbjörnsson [sign]


Hannes G. Sigurðsson [sign]


Ólafur Darri Andrason [sign]